



Stjórnarfundur HSH

Haldinn á Hótel Hellisandi,

3. desember 2024 kl. 18.00

Fundinn sátu: Laufey Bjarnadóttir, Berglind Long, Kristfríður Rós Stefánsdóttir, Garðar Svansson, Hjörleifur Kristinn Hjörleifsson og Gunnhildur Gunnarsdóttir.

Fundargerð ritaði: Gunnhildur Gunnarsdóttir

1. Dagbók framkvæmdastjóra
 - a. Sportabler - Leitað til aðildarfélaga varðandi Sportabler, kostnað, notkun og annað.
 - b. Rannís – Sótt um styrki í Rannís:
 - i. Móttökubæklingur fyrir foreldra og barna af erlendum uppruna sem flytja í sveitarfélögin innan HSH.
 - ii. Búnaðarkaup fyrir aðildarfélög HSH
 - iii. Búnaðarkaup fyrir aldurshópin 60+ sem deilist niður á öll sveitarfélögin innan HSH.
 - iv. Þjálfaradagur HSH
 - c. Sambandsráðsfundur UMFÍ
 - i. Laufey Bjarnadóttir ritari HSH og Gunnhildur Gunnarsdóttir framkvæmdastjóri HSH sátu Sambandsráðsfund UMFÍ að Varmalandi 12. október 2024.
 - d. Íþróttamanneskja ársins. Allar upplýsingar og skjalalón send út á formenn aðildarfélaganna um miðjan október. Áminning um miðjan nóvember og aftur í lok nóvember. Undirbúningur fyrir kjör á íþróttamanneskju ársins.
 - e. Lokaskýrslur í verkefnasjóð
 - f. Hreyfivika – Vel heppnaður fyrirlestur með Elísu Viðarsdóttir. Gengið frá greiðslum og umsókn til ÍSÍ v. fyrirlestursins.
 - g. Fyrirmyndarhérað – HSH var veitt viðurkenningin Fyrirmyndarhérað ÍSÍ á Formannafundi HSH þann 15. október 2024. Handbók HSH má finna inni á heimasíðu HSH.
 - h. Fundur með svæðisstjórum v. barna með fötlun og barna af erlendum uppruna.
 - i. Fundur með Snæfellsnessamstarfinu. Ný stjórn mynduð innan Snæfellsnessamstarfsins. Framkvæmdastjóri HSH vann að nýrri handbók fyrir samstarfið í samvinnu við starfsmenn Svæðisstöðvanna á Vesturlandi.
 - j. Formannafundur ÍSÍ. Garðar Svansson, gjaldkeri HSH, Hjörleifur Kristinn Hjörleifsson, formaður HSH og Gunnhildur Gunnarsdóttir framkvæmdastjóri HSH sátu fundinn.
 - k. Vinnuferð með UMFÍ OG ÍSÍ til Danmerkur. Svæðisstjórar og framkvæmdastjórar héraða kynntu sér Parasport, íþróttir fyrir börn með fötlun í Danmörku. Ferðin styrkt að fullu af Erasmus.



HÉRAÐSSAMBAND SNÆFELLSNESS- OG HNAPPADALSSÝSLU

Stofnað 1922

Í vinnslu

- l. Lög aðildarfélaganna – Framkvæmdastjóri safnar saman öllum lögum aðildarfélaganna HSH, les í gegn og fer yfir í samráði við lögmann ÍSÍ. Haft verður samband við aðildarfélögin ef eitthvað þarf að breyta eða bæta.
 - m. Móttökubæklingur fyrir börn af erlendum uppruna – Bæklingar nánast fullunnir en nú stendur yfir að finna einstaklinga til þess að þýða bæklingana yfir á fjögur tungumál, þ.e. ensku, pólsku, úkrainsku og arabísku.
 - n. Allir með – fyrirlestur fyrir aðildarfélögin.
 - o. Íþróttamanneskja ársins. Undirbúningur fyrir afhendingu verðlauna.
 - p. Styrkveitingar HSH – Uppfæra reglugerð.
 - q. Sameiginleg agastefna á Vesturlandi fyrir þjálfara. Unnið í samráði við aðra framkvæmdastjóra á Vesturlandi sem og starfsmönnum svæðisstöðvanna.
2. Sportabler
 - *Stjórnin tók umræðuna um það hvort hagar væri í því að HSH myndi taka yfir Sportabler fyrir félögin. Ákveðið var að fresta ákvörðun um þetta fram í janúar.*
 3. Á HSH að borga frjálsíþróttasambandi Íslands?
 - *HSH hefur greitt frjálsíþróttasambandi Íslands fyrir þá iðkendur sem stunda frjálssar íþróttir. Mikilvægt er að skráningin sé rétt hjá ungmennafélögunum.*
 4. „Allir með“ á Vesturlandi – börn með fötlun og einhverfu
 - *Framkvæmdastjórar á Vesturlandi auk starfsmanna svæðisstöðvanna á Vesturlandi hafa áhuga á því að vera með „Allir með“ dag í febrúar/mars. Þar yrði boðið upp á fræðslu fyrir foreldra og hinar ýmsu íþróttagreinir fyrir börnin til þess að prófa.*
 5. Kjör á íþróttafólki HSH, íþróttamanneskju HSH og Vinnuþjarki HSH.
 - *Sex tilnefningar bárust til íþróttamanneskju ársins, frá sex félögum. Gengið var til kjörs á Íþróttamanneskju HSH samkvæmt reglugerð. Einnig var útnefning Vinnuþjarks HSH samþykkt. Að auki bárust fimm tilnefningar til Sjálfboðaliða HSH.*

Fundi slitið kl. 20.30

Gunnhildur Gunnarsdóttir